

❖ Fréttabréf TRÚNAÐARRÁÐS ❖

84. tbl. 19. árgangur ábm. Trúnaðarráð verkalýðsfélaga starfsmanna ISAL Straumsvík 3. desember 2015

Óformlegur fundur með samninganefnd SA/ISAL og yfirmanns starfsmannamála RT í Evrópu í hádegi 1. des.

Eftir þann fund var endanlega ljóst að ekki væri grundvöllur að freista þess eða ná niðurstöðu til lausnar í deilunni fyrir verkfall eða að fresta verkfalli og einnig kom skýrt fram að eftir miðnætti væri málið úr höndum hans, SA og ISAL ef til verkfalls kæmi á miðnætti.

- Þar með var ljóst að ekki væri vilji til samninga og verkfall yrði ekki til að styrkja stöðu okkar til samnings og tilgangur höfuðstöðva RT annar en að semja og í þeirra vegferð værum við ekki samferða.

Verkfalli aflýst en kjaradeilan enn óleyst

Starfsfólk leiksoppar í hagsmunatafli Rio Tinto

Samninganefnd starfsmanna í álverinu í Straumsvík hefur tekið ákvörðun um að aflýsa áður boðuðu verkfalli sem hefjast átti á miðnætti í kvöld. Kjaradeilan er áfram óleyst en ákvörðunin um að aflýsa verkfallinu er tekin þar sem sýnt þykir að raunverulegur samningsvilji sé ekki fyrir hendi hjá eiganda álversins, Rio Tinto.

Að mati samninganefndarinnar er gagnslaust að halda verkfallinu til streitu, enda hafi ítrekað komið fram hótanir þess efnis að álverinu verði lokað og sökinni þá skellt á starfsfólkið fyrir að sækja lögbundinn rétt sinn og kjarabætur.

Krafa starfsfólksins er og hefur alltaf verið skýr. Sambærilegar launahækkanir og samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði og áréttað er að í engum kjarasamningum hafa starfsmenn þurft að semja frá sér störf yfir í annað og lakara launa- og réttindakerfi. Kjarasamningur verkalýðsfélaganna við ISAL hefur tryggt fyrirtækinu meiri vinnufrið og stöðugt og gott aðgengi að starfsfólki. Það er því starfsfólkinu þungbært að upplifa sig sem leiksoppa í hagsmunatafli Rio Tinto gegn launafólki víðsvegar um heiminn.

- **Um leið og við fögnum því að stjórnendur og millistjórnendur hafa fengið launahækkun og það að þurfa ekki að selja frá sér störf í lægri launa og réttinda kerfi, þá krefjumst við þess að þau láti af grófum afskiptum að kjaradeilu okkar.**
- **Ekki hefur verið boðaður nýr samningafundur hjá ríkisáttasemjara.**
- **FUNDIR** verða haldnir í **Álfafelli, Íþróttahúsinu við Strandgötu** fimmtudaginn 3. desember 2015. kl. 14:00 og kl.16:30

DAGSKRÁ. Staða kjaramála

Samstaða starfsmanna skilar okkur farsælum niðurstöðum.

Samninganefnd starfsmanna ISAL